

Barnið mitt er hugsanlega gerandi í eineltismáli

Algeng viðhorf/atferli gerenda í eineltismálum

- Gerendur eru flestir alveg á móti einelti og ofbeldi
- Gerendur telja sér trú um að þetta mál sé öðruvísi. Þolandinn eigi þetta skilið.
- Gerendur mynda oft bandalag með öðrum. Samstaða í bandalaginu myndast gegn þolanda. Stundum þora vinirnir ekki annað en að vera sammála gerendunum til þess að sleppa sjálfir við að verða teknir fyrir.
- Samstaðan byggist oft á því að vera sammála um að einhver sé óþolandi og þá verður auðveldara að réttlæta ljóta framkomu. Þegar vinir verða sammála um að þolandinn eigi slíka framkomu skilið, dregur það úr ábyrgð þeirra sem einstaklinga og auðveldara er að mynda tilfinningalega fjarlægð frá þolandanum.
- Ef foreldri fær vitneskju um að þeirra barn er í ofangreindum aðstæðum, annaðhvort sem leiðtogi eða vinur sem þorir ekki að veita mótspyrnu, er gott að ræða við barnið og fá það til þess að setja sig í spor þolandans og fjölskyldu hans.
- Foreldrar eru hvattir til að ræða við börn sín og viðkomandi foreldra um málið og hjálpa þeim að leysa málið.
- Beri viðræður foreldra ekki árangur þarf að tilkynna málið til skólans annaðhvort með símtali eða með því að fylla út tilkynningareyðublað um einelti.